

Ed.

317. Frumvarp til laga

[191. mál]

um Blindrabókasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Hlutverk Blindrabókasafns Íslands er að sjá blindum, sjónskertum og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu. Blindrabókasafn Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Blindrabókasafn Íslands annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hljóðbóka og blindraletursbóka með efni skáldverka og fræðiritra, þar á meðal námsgagna.

Blindrabókasafn fylgist með nýjungum á sínu sviði og kynnir þær. Safnið skal hafa samstarf við aðila, sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis, svo og þá, sem standa að skipulagningu bókasafnmála.

Safnið vinnur í nánum tengslum við samtök blindra og sjónskertra.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn fimm manna stjórn Blindrabókasafns og jafnmarga til vara:

- a) tvo fulltrúa tilnefnda af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi
- b) einn fulltrúa tilnefndan af Félagi íslenskra sérkennara
- c) einn fulltrúa tilnefndan af Bókavardafélagi Íslands
- d) einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins

Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann. Ráðherra ákveður laun stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn Blindrabókasafns gerir framkvæmdaáætlanir og endurskoðar þær reglulega. Hún staðfestir fjárhagsáætlanir og ber ábyrgð á heildarstarfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum forstöðumanns Blindrabókasafns og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Blindrabókasafn skiptist í þrjár deildir, útláns- og upplýsingadeild, námsbókadeild og tæknideild. Að öðru leyti skal starfsskipting stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 10. gr. Verkefni deilda eru í meginráttum þessi:

- a) Útláns- og upplýsingadeild. Þar fer fram flokkun og skráning safnkosts, upplýsingaþjónusta, útlán og kynning á þjónustu Blindrabókasafnsins í heild.
- b) Námsbókadeild. Aflar og gefur út námsefni við hæfi blindra og sjónskertra, einkum fyrir nemendur utan grunnskólastigs.
- c) Tæknideild. Sér um framleiðslu hljóðbóka og blindraletursbóka, varðveislu frumgagna og viðhald safnkosts og tækja.

6. gr.

Starfsmannafundir, sem haldnir eru mánaðarlega að jafnaði, gera starfsáætlanir og samræma störf deilda. Á þeim eiga sæti allir starfsmenn safnsins, en einungis fastráðnir starfsmenn eiga atkvæðisrétt. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn Blindrabókasafns skipar fimm manna bókvalsnefnd til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er að móta stefnu í bókvali og gæta jafnvægis milli fræðslu- og skemmtiefnis. Í henni skulu sitja einn bókmenntafræðingur, einn sérkennari, einn fulltrúi Blindrafélagsins og tveir starfsmenn Blindrabókasafns, valdir af starfsmannafundi.

8. gr.

Kostnaður við starfsemi Blindrabókasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Ef um aðrar tekjur safnsins er að ræða, skal þeim varið í þágu þeirra verkefna, sem lög þessi mæla fyrir um.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir samning við Rithöfundasamband Íslands um rétt til að framleiða og dreifa ritverkum hljóðrituðum og á blindralettri.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Blindrabókasafns. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Blindrafélagið, Bókavardafélag Íslands, Félag íslenskra sérkennara og Rithöfundasamband Íslands.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. febrúar 1979 skipaði Ragnar Arnalds, þáverandi menntamálaráðherra, þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp um hljóðbókasafnsþjónustu. 19. mars var tveimur fulltrúum bætt við nefndina, og tók hún þá til starfa.

Í nefndina voru skipuð:

Elfa Björk Gunnarsdóttir, borgarbókavörður,
Gísli Helgason, starfsmaður hljóðbókadeildar Blindrafélagsins,
Halldór Rafnar, formaður Blindrafélagsins,
Helga Ólafsdóttir, deildarstjóri í Borgarbókasafni,
Kristín H. Pétursdóttir, bókafulltrúi (formaður).

Nefndin skilaði hinn 28. apríl 1981 frumvarpi því, sem hér er lagt fram, og fylgja því svofelldar athugasemdir:

Um 1. gr.

Meginhlutverk Blindrabókasafns Íslands er að stuðla að því, að blindir, sjónskertir og aðrir þeir, sem ekki geta hagnýtt sér venjulegt prentmál, njóti jafnréttis á við aðra landsmenn hvað varðar almenna bókasafnsþjónustu og skilyrði til náms.

Helstu notendur blindraleturs og hljóðbóka á Íslandi eru eftirfarandi hópar:

I. Blindir og sjónskertir

vegna

- a) öldrunarsjúkdóma
- b) annarra tegunda augnsjúkdóma

II. Hreyfihamlaðir. Rúmfastir með skerta líkamskrafta

III. Ólæsir. Treglæsir

vegna

- a) greindarskerðingar
- b) skorts á lestrarfærni (dysphasia, aphasia)
- c) skynrænna lestrarörðugleika

Í Evrópulöndum er meðaltalsfjöldi blindra tveir af hverjum þúsund íbúum. Samkvæmt skýrslu, sem gerð hefur verið á vegum landlæknisembættisins af Guðmundi Björnssyni, prófessor í augnlækningum, voru 1. des. 1979 419 einstaklingar á landinu með sjón, sem nemur 6/60 og minni, en það kallast *lögblinda* samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Lögblindir skiptast í tvo undirhópa, þ. e. *alblindir* og *starfsblindir*. Flokkur alblindra spannar þá, sem greina ekkert ljós með hvorugu auga, og einnig þá, sem megna að greina hluti fyrir framan sig, en geta ekki nýtt sjónina. Starfsblindir eru þeir, sem þurfa þjálfun til starfa, er hæfa blindum (geta ekki stundað fyrri störf eftir sjónskerðinguna). Hvorugur þessara hópa getur lesið prentletur. Samkvæmt sömu skýrslu eru hér á landi 43 *hálfblindir* (partial sighted), en það kallast þeir með sjón, sem mælist 6/18 — 6/60. Þessi hópur á mjög erfitt með lestur, en getur þó að einhverju marki notfært sér stækkunargler eða mjög stækkað letur.

Flestir notendur blindraleturs- og hljóðbóka eru úr röðum lögblindra og hálfblindra.

I. Blindir og sjónskertir

Yfirgnæfandi meiri hluti blindra og sjónskertra er aldrað fólk. Reynslan sýnir, að mikill fjöldi fólks, sem komið er yfir sjötugt, les ekki prentað letur sér að fullu gagni, t. d. aðeins fyrirsagnir í blöðum eða bækur með sérlega skýru letri. Algengt er jafnframt, að hjá öldruðu fólki, sem þó getur ekki kallast sjónskert, gæti höfuðverkjar og svima við lestur. Sjónskertir á Íslandi hafa oft notið mjög lítillar skólagöngu vegna sjónskerðingar frá unga aldri og aðeins í fáum tilvikum öðlast starfsmenntun.

Samkvæmt reglugerð um Námsgagnastofnun ríkisins er henni ætlað að hafa á boðstólum námsgögn fyrir blinda og sjónskerta á grunnskólastigi. Blindrabókasafni er ætlað að bæta úr augljósri þörf á námsgögnum fyrir aðra hópa, sbr. athugasemd við 5. gr. frumvarps þessa.

II. Hreyfihamlaðir. Rúmfastir með skerta líkamskrafta

Sumir hreyfihamlaðir eða rúmfastir með skerta líkamskrafta valda ekki prentaðri bók, vegna þess að þeir hafa ekki nægilegan mátt í handleggjum eða stjórn á þeim. Jafnframt þreytast sjúklingar í þessum hópi oft við lestur. Margt af þessu fólki getur notið hljóðbóka.

III Ólæsir. Treglæsir

Greindarskerðing getur verið á því stigi, að menn eru ófærir um að læra að lesa. Engu að síður geta hinir sömu haft ánægju af að hlusta á létt efni. Vegna *heilaskaða*, sem getur verið *meðfæddur* eða *áunninn* (dysphasia, aphasia) getur truflun í talstöðvum heilans valdið því, að menn eiga erfitt með að lesa, þó að þeir skilji vel mælt mál.

Menn, sem eiga við skynræna lestrarörðugleika að stríða, komast mislangt í námi og sumir þeirra mjög skammt vegna þess, hve erfiðlega þeim gengur að tileinka sér texta. Þeir, sem þannig eru fatlaðir, eiga flestir í erfiðleikum með að fylgjast með í sinni grein eða njóta bókmennta.

Ofangreindum hópum geta hljóðbækur auðveldað nám og opnað aðgang að öðrum bókum.

Þrír ofangreindir notendahópar munu njóta skáldverka og fræðirita, en framleiðsla námsgagna mun að mestu ætluð fólki utan grunnskóla til skólanáms, sjálfsmenntunar og þátttöku í fullorðinnafræðslu.

Greinin kveður á um, að Blindrabókasafn skulu heyra undir menntamálaráðuneytið. Samkvæmt því er stofnunin ríkisfyrirtæki, sbr. einnig 8. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Með Blindrabókasafni Íslands er ætlunin að koma upp ríkisstofnun, sem leysi af hólmi Hljóðbókasafn Borgarbókasafns Reykjavíkur og Blindrafélagsins sem þjónustuaðila við blinda og aðra þá, sem ekki geta fært sér í nyt venjulegt prentletur. Jafnframt er ætlunin að víkka þjónustusvið safnsins með því að framleiða blindraletursbækur auk hljóðbóka og með því að framleiða námsgögn auk bóka til listnautnar og affreyningar. *Framleiðsla, útlán og miðlun* hljóðbóka og blindraletursbóka fyrir almenna notendur og til náms *á einum stað* er hagkvæmt bæði að því leyti, að unnt verður að samhæfa gerð þessara tveggja tegunda bóka, og tæki til hljóðbóka- og blindraletursbókagerðar verða samnýtt fyrir ólíkæ hópa notenda.

Námsgögn fyrir blinda og sjónskerta verða gefin út í því formi, sem hentar best hverju sinni.

Um 3. gr.

Lagt er til, að fimm manna stjórn hafi yfirumsjón með starfsemi Blindrabókasafns.

Gert er ráð fyrir tveimur fulltrúum frá Blindrafélaginu, vegna þess að blindir og sjónskertir eru sá hópur, sem safninu er einkum ætlað að þjóna, og samstarfið við samtök þeirra er því mjög mikilvægt.

Um 4. gr.

Hér er tilgreint hlutverk stjórnar Blindrabókasafns. Gert er ráð fyrir, að stjórnin marki heildarstefnu og geri framkvæmdaáætlanir.

Um 5. gr.

Skilgreining á hlutverki deilda Blindrabókasafns

a) *Útláns- og upplýsingadeild*. Ætlað að veita alhliða bókasafnsþjónustu á svipaðan hátt og í almenningsbókasöfnum, sbr. lög nr. 50/1976 og reglugerð nr. 138/1978.

Notendur safnsins munu verða einstaklingar og stofnanir. Deildin verður opin á ákveðnum tímum, en einnig verður dreift gögnum til þeirra, sem ekki komast sjálfir til safnsins.

Deildin mun annast útvegum á efni fyrir notendur sína, bæði frá innlendum og erlendum aðilum.

Deildin skal gangast fyrir námskeiðum fyrir upplesara og sjá um kynningu á efni safnsins og fræðslu í notkun safnkosts og tækja.

b) *Námsbókadeild*. Námsgagnastofnun er ætlað að hafa á boðstólum námsgögn fyrir blinda og sjónskerta á grunnskólastigi, en þegar því sleppir, er ekki fyrir hendi nein skipulögð þjónusta af þessu tagi. Eins og nú er háttað, er blindum og sjónskertum, sem vilja stunda framhaldsnám, í raun meinaður aðgangur að íslensku skólakerfi nema því aðeins, að þeir geti sjálfir, hver og einn, aflað sér aðstoðar við að fá námsefni búið í hendur sér. Svo hefur verið, þrátt fyrir lög um, að allir landsmenn skuli njóta jafnréttis við nám. Sama er að segja um þá hópa, er vildu hagnýta sér þær menntastofnanir, sem hafa með höndum fullorðinnafræðslu.

Þar sem gerð námsgagna fyrir blinda og sjónskerta er svo sérhæfð og samrýmist ekki námsgagnagerð fyrir aðra hópa, er nauðsynlegt, að námsgagnaframleiðsla fari fram innan vébanda Blindrabókasafns, þar sem þekking og aðstæður eru fyrir hendi. Prentað náms-efni þarf oft að endurvinna til þess að gera það aðgengilegt blindu og sjónskertu fólki. Til þessa þarf starfslið, sem býr yfir sérþekkingu og reynslu jafnt innan hinna ýmsu greina, sem og á tæknisviði, þar sem oft þarf að sameina hljóðbóka- og blindraletursbókagerð í einu og sama verkinu.

c) *Tæknideild*. Í deildinni þarf að vera fyrir hendi: Upptökustúdíó með tilheyrandi búnaði, fjölföldunaraðstaða fyrir kassetur, sérstaklega útbúnaðar geymslur fyrir frumrit hljóðbóka, og tækjabúnaður til gerðrar blindraletursbóka.

Tæknideild framleiðir eftir óskum frá útláns- og upplýsingadeild og námsgagnadeild og vinnur því í nánnum tengslum við þær. Tæknideild sér einnig um viðhald safnkostsins og varðveitir frumgögn.

Um 6. gr.

Greinin miðar að því, að starfsmenn stofnunarinnar stjórni daglegum framkvæmdum og minni hætta verði á stöðnun. Tilgangur með starfsmannafundum er að virkja starfsmenn til ákvarðanatöku og ábyrgðar í þágu stofnunarinnar og tryggja jafnframt, að allir starfsmenn fylgist með starfseminni og hafi yfirsýn yfir hana. Þannig yrði öllum gert kleift að koma hugmyndum sínum á framfæri varðandi rekstur safnsins, fjölbreytilegri sjónarmið, sem byggðust á sérþekkingu og reynslu, kæmu fram.

Starfsmannafundur setur reglur um daglegan rekstur safnsins. Allar breytingar og nýjungar koma fyrir fundi, og einfaldur meirihluti ræður ákvarðanatöku.

Aðalverkvið forstöðumanns er að hrinda í framkvæmd ákvörðunum stjórnar safnsins og starfsmannafunda ásamt því að vera tengiliður milli þessara tveggja aðila. Gert er ráð fyrir, að skrifstofumaður (eða menn) þjóni stofnuninni í heild og sjái m. a. um daglegt bókhald, þannig að sá deildarstjóri, sem gegnir starfi forstöðumanns hverju sinni geti gegnt því jafnframt deildarstjórastarfinu. Forstöðumaður kemur fram fyrir hönd safnsins út á við.

Um 7. gr.

Hlutverk bókvalsnefndar er að marka stefnu í bókvali. Hún starfar eftir sömu grundvallarreglu og almenningsbókasöfnum ber að fara eftir.

Sérstakt tillit ber þó að taka til fötlunar flestra lánþega safnsins, sem hefur í för með sér, að margir þeirra hafa notið ónógrar skólagöngu og verið útilokaðir frá hvers kyns prentmáli, sem aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa daglega fyrir augum. Í safni sem þessu ber sérstaklega að gæta þess, að fyrir hendi sé breitt úrval bóka um ólíka málaflokka og hljóðritaðar fréttir og leiðbeiningar frá helstu stofnunum þjóðfélagsins (lánastofnunum, heilbrigðisstofnunum, tryggingum, o.fl.).

Um 8. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að allur kostnaður við Blindrabókasafn Íslands verði greiddur úr ríkissjóði og ákvarðaður á fjárlögum hverju sinni. Þá er tekið fram í greininni, að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna, sem lögin mæla fyrir um.

Með tekjum stofnunarinnar er átt við hagnað af hugsanlegum verkefnum, sem safnið tekur að sér að vinna og eru ekki einskorðuð við þarfir blindra og sjónskertra, heldur stærri hópa eða einstaklinga. Ennfremur tekjur af sölu á eintökum bóka eða námsgagna til einstaklinga eða stofnana.

Um 9. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir samning við rithöfunda og þýðendur og sér um greiðslur til þeirra.

Samningar um framleiðslu bóka á blindralettri eru þegar í höfundalögum, en þarfnast endurskoðunar.

Um 10. og 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VIÐAUKI I

Sögulegt yfirlit um bókagerð fyrir blindra og sjónskerta

Þegar Louis Braille fann upp blindralettrið í París árið 1825, breyttist aðstaða blindra til muna við bóklestur. Áður hafði verið reynt að búa til bækur með upphleyptu prentlettri, en þær reyndust mjög fyrirferðarmiklar og seinlesnar. Blindralettrið byggist á 6 punktum, sem raðað er á mismunandi hátt. Letrið er einfalt og auðlært, en sá, sem les með fingrum, nær ekki sama leshraða og sjáandi maður. Blindralettrið hefur hins vegar þann ókost, að bækur með því eru alltaf mjög fyrirferðarmiklar. Enn í dag hefur ekkert leyst blindraletur af hólmi.

Fyrsti Íslendingurinn, sem lærði blindraletur, var Málfríður Jónasdóttir frá Kolmúla við Reyðarfjörð. Hún fór til Danmerkur til náms og hingað til lands barst letrið með henni um 1930. Síðar komu svo sérstakir blindrakennarar, sem kenndu blindraletur við Blindraskólann.

Bókagerð á blindralettri hjá Blindrafélaginu

Fyrst voru blindraletursbækurnar prentaðar á þann hátt, að hver punktur var þrykkur á pappírinn með síl og til þess notaður sérstakur rammi, sem blaðið var sett í. Þessi aðferð er mjög seinvirk, en sumir nota hana enn, ef þeir þurfa að rita niður sér til minnis. Síðar var farið að nota sérstakar blindraritvélar, en með þeim var aðeins hægt að prenta tvö eintök af hverri bók. Árið 1956 batnaði aðstaða til bókagerðar nokkuð með tilkomu sérstaks fjölritara, sem prentaði blindraletur á tvöfalda málmplötu.

Pappírnum er stungið inn á milli og platan pressuð í þvottavindu. Þannig þrýstast punktarnir inn í pappírinn. Þetta er mikil nákvæmnisvinna, en með þessu móti er hægt að taka eins mörg eintök og þörf er á.

Árið 1964 kom svo til landsins nýr fjölritari. Frumritið er nú prentað á pappír, reyndar öðru megin á blaðið. Pappírblaðið er sett í sérstakan ofn og plastblað sett þar ofan á. Þá er ofninum rennt yfir, og hann hitar plastið upp að vissu marki. Þá þrýstir gufudæla punkturnum frá pappírnum upp í plastið. Þessi aðferð er nokkuð seinvirk. Plastið hefur verið nokkuð umdeilt, þeir, sem lesa mjög lengi, verða stamir á fingrunum. Þessi fjölritari er notaður enn þann dag í dag.

Á blindralettri hafa aðallega verið prentaðar námsbækur, en eitthvað er til af öðrum bókmenntum. Blindraleturssafnið er í vörslu Blindrafélagsins, það er óskráð og ekki er vitað um fjölda bókatitla þar. Þar vinnur árið 1980 einn starfsmaður í tímavinnu.

Hljóðbókagerð Blindrafélagsins

Þar sem mikill hluti blindra og sjónskertra missir sjónina á fullorðins aldri, reynist þeim oft erfitt að læra blindraletur, m. a. vegna þess, að næmi í fingurgómum hefur minnkað. Því fóru menn að leita annarra leiða til bókagerðar. Þegar segulbönd voru fundin upp, opnaðist sá möguleiki að lesa bækur inn á þau. Um 1950 fóru önnur norræn lönd en Ísland að hagnýta sér þessa tækni. Hljóðritun bóka hófst hér á landi, þegar Blindrafélaginu var gefið segulbandstæki árið 1957. Einnig var lesið inn á segulbönd fyrir Blindravinafélag Íslands. Lesið var við mjög frumstæð skilyrði, oftast í heimahúsum, og aðeins eitt eintak var til af hverri bók. Sjálfboðaliðar önnuðust lestur. Í fórum Blindrafélagsins var árið 1970 til á þriðja hundrað bóka, hljóðritaðra á þennan hátt.

Þegar Blindrafélagið flutti í nýtt viðbótarhúsnæði 1973—75, var komið þar fyrir upp-tökuherbergi með tveimur innlestrarklefum. Horfið var frá því að lesa bækur inn á venjulegar opnar segulbandsspólur, en í stað þess var farið að hljóðrita bækur á kassetur. Til þessa voru Blindrafélaginu gefin fullkomin tæki af félögum úr Kiwanis- og Lionshreyfingunni. Fyrst er lesið inn á venjulegt segulband, sem geymt er sem frumrit, og síðan er fjölfaldað af því yfir á kassetur. Á þann hátt má gera eins mörg eintök af hverri bók og þörf er á.

Í febrúar 1976 hóf Blindrafélagið útgáfu hljóðtímarits, sem kallast „Valdar greinar úr dagblöðum og tímaritum“. Félagar úr Lionsklúbbum Nirði hafa lesið inn og séð um val á greinum. Einnig er þetta nokkurs konar fréttarit Blindrafélagsins, og með því hefur félaginu tekist að efla tengsl við félagsmenn sína. „Valdar greinar“ koma að jafnaði út hálfsmánaðarlega. Tilgangurinn með þeim er fyrst og fremst að veita blindu og sjónskertu fólki yfirlit um það efni, sem er í dagblöðum, en kemur ekki annars staðar fram.

Hljóðbókasafn Blindrafélagsins og Borgarbókasafns

Í kringum árið 1970 fór Borgarbókasafn Reykjavíkurborgar að víða að sér hljóðrituðum sögum frá Ríkisútvarpinu. Jafnframt því voru nokkrar bækur lesnar á þess vegum. Sýnt var, að Blindrafélagið og Borgarbókasafn hefðu hag af því að starfa saman að hljóðbókagerð, og í október 1975 var gerður samningur milli þessara aðila. Borgarbókasafn annast dreifingu bókanna og greiðir laun tæknimanns. Blindrafélagið leggur fram tækjabúnað og húsnæði, en efniskostnaður skiptist á milli þessara aðila. Sérstök deild Borgarbókasafns sér um útlán og þjónar öllu landinu. Rekstrarkostnaður hennar (laun, efniskostnaður o. a.) árið 1980 var 37 millj. g. kr. Áætlaður kostnaður á þessu ári er 520 þús. kr.

Þegar hljóðbókasafn Borgarbókasafns og Blindrafélagsins tók til starfa árið 1975, var komið á samvinnu við Ríkisútvarpið á þann hátt, að þær sögur, sem þar eru lesnar, eru afritaðar hjá Blindrafélaginu og lánaðar út frá hljóðbókasafninu. Um það bil einn þriðji hluti af titlum safnsins munu vera frá Ríkisútvarpinu.

Samningur var gerður við Rithöfundasamband Íslands þess efnis, að Blindrafélaginu og Borgarbókasafni væri heimilt að gera 4 eintök af hverri bók, eitt eintak til geymslu og 3 útlánseintök. Þó verður að leita persónulegs samþykkis hvers og eins rithöfundar, þegar bók er lesin inn. Greiðsla er engin til höfunda, og veldur það margs konar erfiðleikum. Eintökin, sem hljóðrituð eru, eru alltof fá, og það skapar veruleg vandræði í útlánunum.

Sjálfboðaliðar sjá um innlestur. Þau 5 ár, sem hljóðbókasafnið hefur starfað, hafa rúmlega 130 manns lesið í upptökuherbergjum Blindrafélagsins. Nauðsynlegt er að veita fé til þess að greiða fyrir innlestur. Þannig væri hægt að auka gæði hans til muna.

Á miðju ári 1980 var fjöldi bókatitla í hljóðbókasafni 700 talsins. Árlega hafa verið hljóðritaðir um 200 titlar.

Fjöldi lánþega er árið 1980 tæplega 400, auk fjölda stofnana, sem hafa innan dyra mikinn fjölda manna, sem notfæra sér þessa þjónustu. Árið 1975 var fjöldi útlána 698, en

árið 1979 voru þau komin upp í 12791. Ekki er hægt að sinna eftirspurn með núverandi bókakosti. Aðeins er lánað þeim, sem teljast sjónskertir eða blindir eða geta ekki hagnýtt sér venjulegar prentaðar bækur vegna annarra orsaka.

Starfsmenn eru árið 1980 þrír, einn við hljóðritun og tveir við útlán. Auk þess vinnur bílstjóri hlutastarf við heimastur bóka.

VIÐAUKI II

Ákvæði um hljóðbókaþjónustu í Reglugerð um almenningubókasöfn nr. 138/1978

Í 10. gr. reglugerðarinnar stendur:

„Eitt miðsafn á landinu annast hljóðbókaþjónustu skv. sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið. Nú er talið, að þörf sé á því, að slík þjónusta sé veitt víðar, og getur þá menntamálaráðuneytið heimilað slíkt að fenginni umsögn bókafulltrúa og ráðgjafanefndarinnar.

Hljóðbókaþjónusta fer fram í nánú samstarfi við Blindrafélagið, sem getur tilnefnt einn fulltrúa eða fleiri til að vera með í ráðum um framkvæmd þessarar þjónustu, t. d. val á bókum, hljómbandshylkjum, hverjir lesi á hljómbönd, fyrirgreiðslu við blint fólk á þessu sviði, þar sem sérstök ástæða þykir til, o. s. frv.

Kostnaður við þessa þjónustu greiðist af söfnum þeim, sem hagnýta sér hana, að því leyti sem framlög annarra aðila ekki koma til.

Um skiptingu kostnaðar fer eftir samningi menntamálaráðuneytisins og miðsafns þess, sem þjónustu veitir.“

Drög að samningi í samræmi við ofangreind reglugerðarákvæði voru gerð snemma árs 1980 og lögð fyrir menntamálaráðuneytið. Þau hafa ekki verið undirrituð.

Ríkisframlag

Hið opinbera hefur veitt Blindrafélaginu og Blindravinafélagi Íslands sameiginlega óverulegar fjárhæðir til prentunar bóka á blindralettri. Árið 1978 fékk Blindrafélagið styrk á fjárlögum til hljóðbókagerðar að upphæð 1.200.000 kr., en næsta ár féll þetta framlag niður. Árið 1980 var farið fram á 15.7 millj. kr. til útgáfu og dreifingar, en aðeins fékkst samþykkt fyrir 4 millj. kr.

VIÐAUKI III

Fyrirkomulag á framleiðslu og dreifingu hljóðbóka í Noregi, Danmörku og Svíþjóð

Noregur

Norges Blindeforenings Lydbibliotek (NBF) framleiðir allar hljóðbækur í Noregi. Blindrasamtökin eiga safnið, en það er þó að miklu leyti rekið fyrir opinbert fjármagn. Nýtt frumvarp lagt fram árið 1980 kveður á um, að ríkið taki alfarið við rekstri safnsins.

Þeir, sem rétt eiga á hljóðbókaþjónustu í Noregi, eru einstaklingar, sem ekki geta lesið venjulegar bækur. Sjónskertir leggja fram sjónvottorð og eru um leið skráðir í blindrasamtökunum. Safnið er opið lánþegum, og þeim eru sendar bækur í pósti. Fatlað fólk, sem ekki er sjónskert, fær einnig þjónustu hjá safninu. Í ráði er að gefa bókasöfnum færi á að kaupa u. þ. b. 10 hljóðbókatitla til að hafa að staðaldri í safni og kynna fyrir nýjum lánþegum.

Námsgögn. Huseby Utdanningssenter for Synshemmede sér um framleiðslu og dreifingu námsgagna upp í 10. skólaár. Auk þess veitir stofnunin nemum í tónlistarnámi og sjúkra-

liðanami sérstaka þjónustu. Námsbókadeild NBF annast framleiðslu og dreifingu námsgagna til annarra hópa (menntaskóla, háskóla, fullorðinnafræðslu).

Greiðslur til höfunda og lesara. Höfundar fá greitt fyrir höfundarrétt. Verð á ódýrustu útgáfu ritsins er lagt til grundvallar, það er margfaldað með fjölda framleiddra hljóðbókaeintaka, sú upphæð síðan margfölduð með 150%. Þessum samningi hefur nú verið sagt upp.

Lesarar fá greiddar Nkr. 100 fyrir hvern innlesinn tíma í hljóðupptöku. Greiðsla fyrir undirbúning ákvarðast sérstaklega fyrir hverja einstaka bók. Fyrir lestur á band í heimahúsum eru greiddar 35 Nkr. (Tölur frá árinu 1980).

Danmörk

Statens Bibliotek og Trykkeri for Blinde (Sbttb) hefur fram að þessu, með fjárframlögum frá ríki, séð um framleiðslu og dreifingu hljóðbóka til sjónskertra. Safnið heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Jafnframt hefur það þjónað augndeildum sjúkrahúsa.

1972 hóf Bibliotekscentralen (Þjónustumiðstöð bókasafna í Danmörku, Bc), sem er sjálfseignarstofnun, að hljóðrita bækur og selja almenningsbókasöfnum landsins, en þau sjá um þjónustu við þá, sem ekki geta lesið venjulegar bækur.

Skipan framleiðslu og dreifingu hljóðbóka í Danmörku er nú þessi: Bibliotekscentralen heldur uppi þjónustu við almenningsbókasöfnin, sem geta innbyrðis skipt með sér verkum.

Sbttb heldur uppi einstaklingsþjónustu við sjónskerta með póstsendingum.

Námshögn. Refsnæsskole er heimavistarskóli fyrir sjónskerta á skólaskyldualdri, og sér skólinn sjálfur um framleiðslu alls kennsluefnis. Statens Institut for Blinde og Svagsynede veitir sjónskertu fólki, sem ekki er skólaskyld, bæði kennslu og aðstoð við gerð kennslu. Höfundar fá greitt fyrir verk sín, sem framleidd eru í hljóðbókaformi, og allur upplestur, a. m. k. á vegum Sbttb og Bc, er greiddur.

Svíþjóð

Synskadades Riksförbund (SRF) tók fyrst að sér framleiðslu og dreifingu hljóðbóka í Svíþjóð. Ríkið greiðir allan kostnað.

Safnið hefur fram að þessu þjónað bæði einstaklingum og stofnunum, bæði hvað snertir almennt útlánsefni, fræðslu- og námsefni. Árið 1962 hóf Bibliotekstjänst (Þjónustumiðstöð bókasafna í Svíþjóð, Btj.), útgáfu hljóðbóka, sem seldar eru almenningsbókasöfnum. Sú útgáfa eykst með hverju ári og nær yfir allt útlánsefni, sem hæfir almenningsbókasöfnum. Nokkur lénsbókasöfn, sem eru miðsöfn í lénum Svíþjóðar, hafa á síðustu árum jafnframt hafið hljóðbókaframleiðslu.

Allir þeir, sem ekki geta lesið prentað letur, eiga aðgang að hljóðbókum bókasafna landsins.

Sú þróun að bókasöfnin taki að sér almenna bókaþjónustu við þennan hóp hefur í för með sér, að hlutverk bókasafns SRF hefur breyst og er nú í meginatriðum að vera *lánamiðstöð fyrir bókasöfn* (senda þeim bókabirgðir til einstaklingsútlána) og að vera *sérfræðibókasafn*, sem þjónar sjónskertum í starfi og námi eftir þeirra eigin óskum.

Í stofnuninni eru tvær deildir: námsbókadeild, sem sér um þjónustu við blinda í námi utan grunnskólastigs, og deild fullorðinnafræðslu, sem heldur uppi ýmis konar þjónustu, t. d. við einstaklinga, sem vilja taka þátt í leshópum fyrir sjáandi fólk.

Fólk sem leitar til þessarar deildar, getur keypt kennsluefnið.

Framleiðsla hljóðbóka fer fram hjá fyrirtækinu Tal og punkt, sem rekur starfsemi sína innan vébanda SRF. Tal og punkt er sjálfseignarstofnun og selur hljóðbókasafninu bækur á framleiðsluverði.

Auk tæknimanna eru þar í starfi útgáfustjórar og leiðbeinendur fyrir lesara, sem að sjálfsögðu fá greitt fyrir upplestur. Sömu leiðis heldur Tal og punkt uppi umfangsmiklum rannsóknum á nýjungum, einkanlega tölvutækni, sem gæti auðveldað alla bókagerð (blindraletur, hljóðbækur o. fl.) fyrir sjónskerta.

Höfundar fá greitt fyrir hljóðbækur í Svíþjóð.

VIÐAUKI IV

Nýjungar í bókagerð fyrir blinda og sjónskerta

Eins og áður er getið, hefur ekkert komið fram, sem leyst hefur blindraletur af hólmi. Hins vegar hafa menn þróað nýjar aðferðir til prentunar þess og til þess að minnka fyrirferð bóka á blindralettri.

Nú hefur verið fundið upp tæki, sem prentar blindraletur á venjulega kassettu. Á eina kassettu (C 60) komast fyrir um 400.000 tákn, en það samsvarar fimm þykkum blindraletursbókum. Á einni síðu, vélritaðri með blindralettri, í stærðinni DIN A4, komast fyrir 28 línur, og í hverri línu eru um 32 bókstafir. Auk þess hefur prentun blindraleturs verið tölvuvædd, og nú er unnið að því að fullkomna þá tækni enn frekar. Svíar gera nú tilraunir með prentun dagblaða og tímarita á blindralettri, stóru svartlettri og með tilbúnu tölvutali með einu og sama forritinu.

Auk þess er komin fram tækni, sem breytir upplýsingum af tölvuskermum yfir á blindraletur og öfugt. Þannig á notagildi blindraleturs eftir að aukast til muna, þegar þessi tækni er orðin almenn, og þannig verður blindu og sjónskertu fólki gert mun auðveldara með að vinna ails kyns störf, sem það var nær útilokað frá áður.

HELSTU HEIMILDIR

Guðmundur Björnsson: Sjóndepra og blinda. Fréttabréf um heilbrigðismál, 1980 (4. tbl.) s. 7—10.

Helga Ólafsdóttir: Þjónusta bókasafna við sjónskerta í Svíþjóð, Danmörku og Íslandi. B.A. verkefni í bókasafnsfræði, okt. 1976.

De læsehandicappede og bibliotekerne: betænkning/fra et udvalg nedsat af Bibliotekstilsynet og Direktoratet for folkeskolen, folkeoplysning, seminarier m.v. ... — /Ballerup/: Bibliotekscentralens forl., 1979.

Sverige. Handikapputredningen: Kultur åt alla; betänkande. Sthm, 1976. (Sverige. Statens offentliga utredningar, 1976:20).

Utvalget til å utrede omfang, organisasjon og praktisk tilrettelegging av en offentlig bibliotekjeneste for funksjonshemmede i Norge, 1973. Litteratur og bibliotekjeneste for funksjonshemmede; utredning ... Oslo, Universitetsforl., 1976. (Norges offentlige utredninger, 1976: 54).